

## Morgunblaðið

Útgef.: H. Árvakur, Reykjavík.  
 Framkv.stj.: Sigfús Jónsson.  
 Ritstjórnar:  
 Jón Kjartansson,  
 Valtýr Stefánsson (ábyrgðarm.).  
 Auglýsingar: Árni Óla.  
 Ritstjórn, auglýsingar og afgreiðsla:  
 Austurstræti 8. — Sími 1600.  
 Áskriftargjald: kr. 6.00 á mánuði  
 innanlands, kr. 8.00 utanlands  
 í lausasölu: 40 auro eintaktið.  
 50 auro með Lesbók.

## Tálbeita

Það eru fá mál, sem stöðugri og meiri erjur hafa staðið um á seinni tímum hjer á landi en skattamálin. Þetta er fyrst og fremst vegna þess, að vissir flokkar hafa gert þessi mál að tálbeitu í kjósendaveiðum og pólitískum áróðri.

Pólitískir fróðsnakkar hafa talið vænlegt til lýðhylli að nota skattamálin sem skálka-skjól pólitískra valdadrauma.

Vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn hefir jafnan neitað sjer um þátttöku í þessum pólitíska skollaleik hafa lýðsskrum ararnir — þ. á. m. Hermann Jónasson, sem sjálfur hefir lagt litla vinnu í skattafram-töl, — ráðist á Sjálfstæðisflokk inn heiftarlega fyrir að „hugsa ekki um annað en verndun stríðsgróðans“, o. s. frv. —

Sjálfstæðismenn hafa litið svo á, að fylgja bæri þeirri stefnu í skattamáli, að annars vegar sje því opinbera trygðar hæfilegar skatttekjur til nauðsynlegra útgjalda og almennra framfara, mentunar og framkvæmda, sem stuðla að kjarajöfnun borgaranna. Og alveg sjerstaklega sje skylt að taka riflegan hluta hins mikla stríðsgróða síðari ára til almennra framfaramála þjóðarinnar og öryggisráðstafana í framtíðinni. Hinsvegar sje nauðsynlegt að þess sje gætt, að atvinnuvegunum sje gert mögulegt að safna svo miklum endurnýjunar- og varasjóðum, að búið sje forsvaranlega að framtíð þeirra og möguleikum til þess að veita sem allra flestum landsmönnum lífvænlega atvinnu.

Stríðsgróðinn hefir verið hátt skattlagður. Þegar Sjálfstæðismenn stóðu að skattalögum þeim, sem samþ. voru í fyrra, í samvinnu við Framsóknarf., ritaði Eysteinn Jónsson í Tím-ann, þegar þau skattafrumvörp voru lögð fyrir þingið. Hann sagði þá m. a.: „Með frumvörpum þessum er það trygt, að langsamlega meiri hluti stríðsgróðans rennur til opinberra þarfa, og að mestur hluti þess fjár, sem eftir er skilinn, er bundinn í varasjóðum og nýbyggingarsjóðum“.

Um skattaflannir vegna varasjóðanna sagði sami maður, að þeim fylgi „svo mikil hlutun af hálfu ríkisvaldsins, að nærri stappar, að sjóðirnir sjeu sameign hlutafjelaganna og hins opinbera“.

Þegar Eysteinn og fjelagar hrópa nú á ný á meiri skatta, nýja skatta, — kasta tálbeitu, — er það aðeins vottur þess, að pólitískur veiðihugur hefir gripið þá kumpána.

# Minningarorð um frú Þórunni Siemsen

Í dag er til molar borin frú Þórunn Siemsen. Hún andaðist á Landakotsspítala 18. þ. m. Þangað kom hún á afmælisdaginn sinn hinn 10. apríl síðastliðinn, 77 ára að aldri. Frú Þórunn var stórmerk kona, eins og hún átti kyn til, vel gefin og vel gerð. Hún var komin af einum merkustu ættum landsins. Foreldrar hennar voru Árni landfógeti Thorsteinsson, sonur Bjarna amtmanns Þorsteinssonar, kona Bjarna var Þórunn Hannesdóttir, Finnssonar biskups. Móðir Þórunnar og kona Árna var Soffía dóttir Hannesar Steingrímssonar Jónssonar biskups. Nýfermd fór Þórunn utan og stundaði nám í Danmörku, þar á meðal leikfimi, og var hún fyrsti kven-leikfimiskennari hjer á landi, við Kvennaskóla Reykjavíkur (1884—1886). En árið eftir (1887) giftist hún Franz Siemsen sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Eignuðust þau fjögur börn, þau: Árna stórkaupmann í Lübeck, Sigfríði konu Páls fyrv. hæstarjettardómara Einarssonar, Soffíu konu Magnúsar stórkaupmanns Kjaran og Theodor kaupmann, öll í Reykjavík. Mann sinn misti hún árið 1925.

Jeg hefi þekt frú Siemsen, eins og hún jafnan var kölluð, um 30 ára skeið. Það sem maður tók fyrst eftir í fari hennar var höfðingsskapurinn. Var hann jafn áberandi, hvort hún hafði miklu eða litlu úr að spila. Gestrisni var henni í blóð borin. En síðar sá jeg, að þessar dygðir voru aðeins greinar, á sterkasta eðlisþætti hennar — fórnýsinni. Hún hugsaði um alt og alla nema sjálfa sig. Gjafmildin var takmarkalaus. Hennar langmesta gleði var að gera gott. Gleðja aðra. Seðja þá, sem svangir voru. Hjúkra þeim sjúku og gleðja þá sorgmæddu. Sjálf krafðist hún einskis. En gat þó aldrei nógsamlega þakkað hvert litliræði, sem fyrir hana var gert. Gáfurnar voru þrýðilegar. Minnið óbrigðult. Glöggskyni svo einstök, að hún sá ávalt kjarnann, í hvaða umbúðum, sem hann var. Hún hafði næmt auga fyrir því, sem kýmilegt var, og kaldhæðni átti hún til, ekki síður en Steingrímur skáld, föðurbróðir hennar. En helst ljet hún slíkt bitna á sjálfri sjer og stundum sínum nánustu, ef henni fanst þeir liggja of vel við höggi. Hún var söngelsk mjög og blómmóðir var hún hin besta, enda uppalin við hvortveggja í foreldrahúsum, þar sem Steingrímur Johnsen móðurbróðir hennar var tíður gestur. Hann var svo sem kunnugt er mikill söngmaður og söngkennari. En landfógetagardurinn var einn af þeim fegurstu blóma- og trjá-görðum hjer í bæ um langt skeið.

Þórunna Siemsen var kona fríð og snyrtileg og þrúð svo að af bar. Aldrei heyrði jeg hana mæla æðruorð, þrátt fyrir það, að síðustu árin allmörg átti hún við vanheilsu að stríða. Jeg heimsótti hana á síðasta afmælisdaginn hennar. Jeg spurði hana, hvenær hún vildi láta sjúkravagninn koma. Sem síðast, sagði hún. Jeg hefi verið að draga það að fara á sjúkrahúsið í þetta sinn, því nú



er það mín síðasta ferð. Næst verður það líkvagninn. Vona bara, að það þurfi nú ekki að dragast lengi. — Hún hafði rjett fyrir sjer sem oftast, og hún fjekk síðustu ósk sína uppfylta, því viku síðar var hún dánin.

Magnús Kjaran.

Góð gjöf. Frú Ólafía Þorlákssdóttir og frú Margrjet Guðlaugsdóttir hafa fært kvenmadeild Slysavarnafjelagsins í Hafnarfirði þúund krónur, sem minningargjöf, um þau foreldra og fósturforeldra sína, frú Margrjeti Guðnadóttir og Þorlák Þorláksson, skipstjóra.

Fyrir þessa hugulsemi og vináttu þel færir deidinn hjer með gefendum þakkir sínar og árnar þeim alls góðs í framtíðinni. Stjórnin. Sjúklingar á Hafnarfjarðarsjúkrahúsi hafa beðið blaðið að færa karlakórnum „Prestir“ bestu þakkir fyrir komuna og sönginn á pálmásunnudag.

Blaðið er beðið að skila kveðju og þakklæti til söngstjórans sjera Garðars Þorsteinssonar og karlakórsins „Prestir“ fyrir söngskemtunina 18. apríl, með ósk um gleðilegt sumar. Sjúklingar á Vífilsstöðum.

Knattspyrnuómaranámskeið heldur áfram föstudaginn 30. maí.

Hugheilar þakkir til minna vina og kunningja, er heiðruðu mig á fimtugsafmælinu, með gjöfum, heimsóknum og skeytum.

Bjarni Benediktsson, Laufásveg 64.

Innilegar þakkir fyrir vináttu og hjálp í veikindum mínum.

Gleðilegt sumar!

Una Guðmundsdóttir, Sjólyst.

Hjartanlega þökkum við öllum er sýndu okkur vináttu með heimsóknum, heillaóskum og gjöfum á silfurbrúðkaupsdegi okkar, 18. apríl. Hamingjan sje með ykkur öllum.

Kristín og Sigurður, Aðalstræti 16, Reykjavík.

Innilegt hjartans þakklæti til allra sem heiðruðu mig á 75 ára afmæli mínu, með gjöfum, heimsóknum og heillaóskaskeytum.

María Sigurðardóttir frá Gröf, Grettisgötu 73.

Góðir Keflvíkingar!

Við þökkum ykkur hjartanlega þær rausnarlegu gjafir sem þið senduð okkur. Og sjerstaklega þeim góðu konum, sem staðið hafa að þessari fjársöfnun.

Guð gefi ykkur gleðilegt sumar.

Sigríður Stefánsdóttir. Steinþór Sighvatsson.

## Hús á Stokkseyri

til sölu. — Nánari upplýsingar gefur

GUÐL. ÞORLÁKSSON,

Austurstræti 7.

Sími 2002.

# Kósakkar



eftir hið heimsfræga rússneska skáld

## LEO TOLSTOJ

er nú komin út í íslenskrí þýðingu eftir Jón Helgason blaðamann.

Bókin er snildarlega skrifuð og er spennandi og söm lýsing á lífi Kósakanna, hinna hraustu og fífldjörfu hermanna, sem kvenfólkið dáir en óvinirnir óttast.

Kósakkar þeysa enn um sljettur Rússlands blóði drifnir og ægilegir, elskaðir og hataðir.

Kaupið bókina

## Kósakkar

Fjallkonuútgáfan.